

# SAMSTARFSSAMNINGUR

Aðildarsveitarfélagi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni  
fatlaðs fólks

Árneshreppur

Bolungarvíkurkaupstaður

Ísafjarðarbær

Kaldrananeshreppur


Reykholahreppur

Strandabyggð

Súðavíkurhreppur

Tálknafjarðarhreppur

Vesturbyggð



Eftirtalin sveitarfélög, sem undirrita þennan samning, samþykkja áframhaldandi samstarf um starfrækslu Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) í Árneshreppi, Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ, Kaldrananeshreppi, Reykhólahreppi, Strandabyggð, Súðavíkurhreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð. Upphaflegur samningur um samstarf sveitarfélagana var undirritaður 23. desember 2010.

Sveitarfélögin mynda sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk, sem skiptist niður í fjögur félagsþjónustusvæði á Vestfjörðum. Þjónusta við fatlað fólk verður samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna, þannig að fatlað fólk njóti heilstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.

## I.KAFLI STJÓRN

### 1. GREIN

Byggðasamlagið tekur að sér fyrir hönd framangreindra sveitarfélaga að veita fötluðu fólki, sem á lögheimili í sveitarfélögunum, þjónustu sem það á rétt á samkvæmt lögum nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir og reglugerðum þar að lútandi, og samkvæmt nánari ákvæðum samnings þessa.

### 2. GREIN

Sveitarstjórnir framangreindra sveitarfélaga samþykkja að gerast aðilar að Byggðasamlaginu sem stofnað er skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Stjórn Byggðasamlagsins skal skipuð fimm fulltrúum sem kosnir eru á aðalfundi Byggðasamlagsins, til tveggja ára í senn og skal a.m.k. einn stjórnarmaður koma af hverju þjónustusvæði. Kjósa skal jafn marga til vara, a.m.k. einn af hverju þjónustusvæði.

### 3. GREIN

Aðalfundur Byggðasamlagsins er haldin fyrir lok maí mánaðar ár hvert og skal þar gerð grein fyrir starfsemi þess og ársreikningum.

Stjórn Byggðasamlagsins semur dagskrá aðalfundar og skal hún send út með fundarboði ásamt ársreikningi og tillögum að fjárhagsáætlun komandi reikningsárs svo og tillögum að breytingum á samþykktum. Til aðalfundar er boðað samkvæmt ákvæðum 6. og 10. gr. samþykpta Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirtalin mál:

1. Ársskýrsla Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Laun og þóknun stjórnar
4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
5. Starfsáætlun komandi árs.
6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára.
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.

## 9. Önnur mál.

Um starfsemi aðalfundar vísast að öðru leiti til ákvæða 10. og 11. gr. samþykktar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Samkvæmt 6. gr. samþykktar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks er stjórnarfundur Byggðasamlagsins ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Stjórn Byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélög umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun Byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamningi sveitarfélaganna um málefni fatlaðs fólks eða í samstarfssamningi þessum.

Ákvarðanir um lántökur eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun Byggðasamlagsins, gildandi þjónustusamning eða samning þessum þarfnast staðfestingar frá aðalfundi, aukafundi eða sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, eftir atvikum og eðli máls. Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar Byggðasamlagsins eftir því sem við á. Fundargerðir stjórnar Byggðasamlagsins skulu sendar aðildarsveitarfélögunum til kynningar.

## II. KAFLI

### SKIPULAG OG FJÁRMÁL

#### 4. GREIN

Fjögur þjónustusvæði mynda starfssvæði Byggðasamlags Vestfjarða. Þjónustusvæðin eru félagsþjónustusvæði Árneshrepps, Kaldraneshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps (félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps), félagsþjónustusvæði Vesturbyggðar og Tálknafjarðahrepps, (félagsþjónusta Vestur-Barðastrandasýslu), félagsþjónustusvæði Ísafjarðarbæjar (Ísafjarðarbær og Súðavíkurreppur), og félagsþjónusta Bolungarvíkurkaupstaðar.

Byggðasamlagið gerir samninga um framkvæmd verkefnisins á viðkomandi þjónustusvæði þar sem tilgreindir eru þeir þjónustuþættir sem viðkomandi þjónustusvæði framkvæmir. Þá skal í þjónustusamningum útlista fjárstreymi, annars vegar frá sveitarfélögunum til Byggðasamlagsins og hins vegar frá Byggðasamlaginu til sveitarfélagana.

Stjórn staðfestir ársreikninga Byggðasamlagsins fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar Byggðasamlagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn þess ræður til starfsins, sbr. 11. gr. samþykktar Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Vinna skal ársreikninga í samræmi við ákvæði laga um bókhald og ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds og reikningsskilavenjur, skv. 59. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn byggðasamlagsins og áritaðan af endurskoðanda til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. apríl ár hvert. Framkvæmdastjóri Byggðasamlags annast rekstur Byggðasamlagsins í umboði stjórnar.

#### 5. GREIN

Tekjur Byggðasamlagsins eru mánaðarleg og árleg framlög aðildarsveitarfélaganna og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samkvæmt nánari útfærslu sem skýrð er í þjónustusamning milli Byggðasamlagsins og viðkomandi þjónustusvæða/sveitarfélaga. Tekjum Byggðasamlagsins að frádregnum sameiginlegum kostnaði verður skipt milli hinna fjögurra félagsþjónustusvæða, hlutfallslega eftir umfangi þjónustu.

Tekjum þessum skal ráðstafa til að greiða allan kostnað við að veita þá þjónustu sem Byggðasamlagið tekur að sér samkvæmt fyrnefndum þjónustusamningi svo sem

launakostnaði, skrifstofuhaldi, ferðakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði á viðkomandi þjónustusvæði.

### III. KAFLI

#### ENDURSKOÐUN OG BREYTINGAR

##### 6. GREIN

Til breytinga á samningi þessum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða aðildasveitarfélaga samanber 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

##### 7. GREIN

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að samstarfssamningi þessum þarf að segja honum skriflega upp með tveggja ára fyrirvara og tekur úrsögn gildi þar næstu áramót á eftir, enda sé sveitarfélagið þá skuldlaust við Byggðasamlagið.

Óski sveitarfélag eftir að ganga úr Byggðasamlaginu skal fara með úrsögn eftir ákvæðum 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eftir því sem við á.

##### 8. GREIN

Verði Byggðasamlaginu slitið skal fara með uppgjör þess skv. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

##### 9. GREIN

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Staður og dagsetning

Árneshreppur

Bolungarvíkurkaupstaður

Ísafjarðarbær

Kaldrananeshreppur

Reykhólahreppur

Strandabyggð

Súðavíkurhreppur

Tálknafjarðarhreppur

Vesturbyggð